

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Utanríkismálanefnd
Sendandi: Viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 22. apríl 2005
Málsnúmer: IVR04090092
Bréfalykill: 40.040

Efni: 614. mál. Tillaga til þingsályktunar.

Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem þingsályktunartillagan snýst um var tilvísun til 13. og 22. gr. reglugerðar ráðsins (EB), nr. 139/2004, um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerðin) felld inn í EES-samninginn. Samhliða gerðu EFTA-ríkin með sér samning um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Reglugerð nr. 139/2004.

Reglugerðin, sem almennt gengur undir nafninu samrunareglugerðin, fjallar um eftirlit með samruna fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu. Í reglugerðinni er hugtakið samfylking notað um samruna. Reglugerðin gildir um verulegar skipulagsbreytingar, þ.e. samruna, sem hafa áhrif á markaðinn og ná út fyrir landamæri einstakra ríkja. Gildissvið reglugerðarinnar er skilgreint með hliðsjón af landfræðilegum mörkum starfsemi þeirra fyrirtækja sem renna saman annars vegar og stærðartakmörkunum hins vegar. Í reglugerðinni er litið svo á að samruni varði hagsmuni Evrópusambandsins og falli þar með undir reglugerðina ef heildarvelta viðkomandi fyrirtækja fer yfir sett viðmiðunarmörk, sbr. 1. gr.¹⁾

1) Í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar 139/2004 segir að samfylking varði hagsmuni Bandalagsins þegar:

a. heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 5.000 milljónir evra og
b. heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvers um sig, fer yfir 250 milljónir evra,
nema hvert fyrirtæki, sem í hlut á, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

Í 3. mgr. 1. gr. kemur fram að samfylking sem ekki nær viðmiðunarmörkum þeim sem mælt er fyrir um í 2. mgr. teljist varða hagsmuni Bandalagsins ef:

a. heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 2.500 milljónir evra og
b. heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, fer yfir 100 milljónir evra,
c. heildarvelta a.m.k. tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, sbr. b-lið, fer yfir 25 milljónir evra,
d. heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvors um sig, fer yfir 100 milljónir evra,
nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar inna Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

Til samanburðar má geta þess að skv. 2. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, getur Samkeppnisstofnun einungis haft afskipti af samrunum þar sem sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira. Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Þá skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að 1. mgr. taki til hans.

Í ljósi ofangreinds á reglugerðin aldrei við um samruna fyrirtækja sem aðeins hafa áhrif á Íslandi. Um slíka samruna gilda íslensk samkeppnislög. Í raun eru hverfandi líkur á því að íslensk samkeppnisyfirköld myndu nokkurn tíman fjalla um samruna sem falla undir reglugerðina vegna hinna háu veltumarka sem felast í henni. Þannig er nær óhugsandi að reyna muni á skyldu íslenskra samkeppnisyfirkölda til að vísa málum til framkvæmdastjórnarinnar.

Meginefni reglugerðarinnar krefst ekki lagabreytinga í EFTA-ríkjunum og voru þau ákvæði tekin upp í EES-samninginn með sérstakri ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 78/2004. Þingsályktunartillaga þessi snýr því einungis að tveimur ákvæðum reglugerðarinnar, þ.e. 13. og 22. gr.

Í 13. gr. er fjallað um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar við athuganir á samrunamálum. Felur ákvæðið í sér auknar rannsóknarheimildir framkvæmdastjórnarinnar (og Eftirlitsstofnunar EFTA, sbr. breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls). Hingað til hafa eftirlitsstofnanir þessar haft heimild til að fara á starfsstöðvar fyrirtækja og skoða þar gögn. Á grundvelli hinna nýju heimilda geta stofnanirnar jafnframt skoðað önnur gögn sem tengjast fyrirtækinu og tekið afrit eða úrdrátt úr slíkum gögnum og óskað eftir skýringum hjá starfsfólki varðandi þau gögn er rannsókn tekur til. Ef fyrirtæki leggst gegn athugun skulu innlend stjórnvöld veita nauðsynlega aðstoð og gilda þá innlendar reglur varðandi öflun dómsúrskurða. Leiðir það til þess að alltaf ber að leita eftir dómsúrskurði við slíkar rannsóknaraðgerðir samkvæmt íslenskum rétti.

Í 22. gr. er kveðið á um vísun samrunamála til framkvæmdastjórnarinnar. Samkvæmt 1. mgr. geta eitt eða fleiri aðildarríki farið fram á að framkvæmdastjórnin taki samruna til skoðunar þó að hún teljist ekki varða hagsmuni Bandalagsins skv. 1. gr. reglugerðarinnar að uppfylltum tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi þarf samfylkingin að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og í öðru lagi þarf hætta að vera á því að samfylkingin hefði veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða aðildarríkjanna sem leggja fram beiðnina. *Bæði þessi skilyrði þurfa að vera uppfyllt.* Framkvæmdastjórnin skal skv. 3. mgr. 22. gr. ákveða innan tilskilins frests hvort að hún telur skilyrðin uppfyllt og taki við málinu. Ef framkvæmdastjórnin tekur við málinu er þeim aðildarríkjum sem lögðu fram beiðnina ekki heimilt að beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni. Framkvæmdastjórnin er því aðeins bær til að fjalla um samruna sem er undir mörkum 1. gr. reglugerðarinnar gagnvart þeim ríkjum sem óskað hafa eftir því. Þau ríki sem ekki óska eftir að framkvæmdastjórnin fjalli um samrunamál eru áfram bær til að beita innlendum reglum um samruna í viðkomandi samrunamáli. Sömu reglur gilda um vísun mála til Eftirlitsstofnunar EFTA frá samkeppnisyfirköldum EFTA-ríkjanna, sbr. samninginn um breytingu á bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem fylgir ákvörðunin sameiginlegu EES-nefndarinnar. Rétt er að áréttta að samkvæmt ofansögðu er hér aðeins um heimild að ræða og er innlendum samkeppnisyfirköldum því í sjálfsvald sett að ákveða hvort vísa eigi málum af þessu tagi til eftirlitsstofnananna.

Nú gildir um þetta efni reglugerð ráðsins (EB) nr. 4064/89, sbr. reglugerð ráðsins nr. 1310/97, sem er hluti EES-samningsins. Sú reglugerð heimilar flutning samrunamála frá framkvæmdastjórninni til stjórnvalda aðildarríkja ESB og frá stjórnvöldum aðildarríkja ESB til framkvæmdastjórnarinnar. Heimild til að framsenda samrunamál frá EFTA-ríki til framkvæmdastjórnarinnar hefur hingað til ekki verið fyrir hendi á grundvelli EES-samningsins. Aftur á móti hefur verið mögulegt fyrir EFTA-ríki að framsenda samrunamál til Eftirlitsstofnunar EFTA, en sá möguleiki hefur aldrei verið nýttur.

Lagabreytingar sem leiða af innleiðingunni.

Í frumvarpi til samkeppnislaga, mál 590, sem nú liggur fyrir Alþingi eru lagðar til breytingar á íslenskum samkeppnislögum til að innleiða framangreind ákvæði reglugerðar 139/2004.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting í 22. gr. frumvarpsins varðandi heimildir Eftirlitsstofnunar EFTA til að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum. Með ákvæðinu eru innleidd ákvæði sem leiðir af bæði reglugerð 139/2004 og reglugerð 1/2003, sbr. 617. mál þingsins. Í greininni er kveðið á um að Eftirlitsstofnun EFTA sé heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 3 og bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar og samkeppni. Þá segir að fulltrúum Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar EB sé heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknnum sem Eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir á Íslandi.

Í öðru lagi er kveðið á um það í 29. gr. samkeppnislagafrumvarpsins að ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga verði beitt með þeim takmörkunum sem leiðir af ákvæðum EES-samningsins um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, sbr. 57. gr. meginmáls samningsins, bókun 21 og 24 með honum og viðauka XIV við hann, svo og XIII. og XIV. Kafla III. hluta bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. En innleiðing 22. gr. reglugerðar 139/2004 veldur því að ekki verður hægt að beita innlendum samkeppnislögum um samruna ef Samkeppniseftirlitið hefur óskað eftir því að framkvæmdastjórnin fjalli um samrunann eða sem skylt er að vísa til framkvæmdastjórnarinnar.